



Dagsetning: 12.02.2020
Málsnúmer: 1905004/13.0

Til bæjarráðs

Minnisblað um nýtingu trjákurls í kyndistöð

Í haust skoðuðu Valgeir Ægir atvinnu og þróunarstjóri og Íris Dögg verkefnastjóri umhverfismála hugmynd um kyndistöð með trjákurli sem Einar Birgir Kristjánsson eigandi Tandrabretta var búin að kynna fyrir bæjarráði í vor. Fundur var haldinn með Einar og farið yfir málin og skoðuð aðstaða félagsins á Eskifirði þar sem timbur er kurlað og verið var að koma upp aðstöðu til að búa til trjáköggla (pellets).

Hugmynd rædd þannig að Fjarðabyggð myndi útvega Tandrabretti hentugt húsnæði t.d. Eyrargötu 7, gamla vélsmiðjan í Neskaupstað en húsnæðið þarfnast viðhalds. Tandrabretti sæi um að koma húsnæðinu í nothæft ástand fyrir kyndistöðina. Tandrabretti setti upp og ætti kyndistöðina er nýtti trjákurli eða trjáköggla. Tandrabretti myndi selja orkuna (heitt vatn) til fjarvarmaveitunnar í Neskaupstað.

Svanur Freyr Árnason forstöðumaður veitna og Kári Óttarsson hjá Mannvit hafa unnið að mati á mögulegum lagnaleiðum frá Eyrargötu 7 og hver mögulegur kostnaðurinn yrði við tengingu á milli Eyrarvegur 7 og kyndistöðvarinnar í íþróttahúsinu í Neskaupstað.

Snorri Styrkársson fjármálastjóri hefur gert hagkvæmnisútreikninga á rekstri mögulegu innkaupsverði á orku frá kyndistöð Tandrabrettis og arðsemi þess að kaupa orku frá Tandrabrettum. Megin niðurstaða á mati af mögulegum orkukostnaði er að miðað við gefnar upplýsingar væri orka úr kyndistöð með trjákurli ekki dýrari kostur en núverandi orkugjafi.

Tandrabretti/Einar Birgir hefur haldið áfram að vinna með sýnar hugmyndir og kynna þær innan orkubransans og fengið jákvæð viðbrögð þaðan. Til að halda áfram með málið og leita mögulegra leiða til að útfæra hugmyndina betur og afla mögulegra styrkja til verkefnisins þá óskar Tandrabretti / Einar Birgir Kristjánsson eftir því að gerð verði viljayfirlýsing milli félagsins og Fjarðabyggðar um að áhugi sé á samstarfi milli aðila og Fjarðabyggð hafi áhuga á að skoða þessa lausn. Yfirlýsingin yrði ekki bindandi fyrir Fjarðabyggð en myndi hjálpa til við alla fjármögnun á forvinnu og þátttöku verkefnisins m.a. sem hluti af evrópsku verkefni eða í umsókn til Rannís.

Mælt er með við að taka jákvætt í að gera slíka viljayfirlýsingu af hálfu Fjarðabyggðar um framhald á skoðun á verkefninu miðað við þau gögn sem komið hafa fram.

Snorri Styrkársson
Fjármálastjóri

Íris Dögg Aradóttir
Verkefnastjóri á framkvæmdasviði